

**53. fundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar
fimmtudaginn 12. nóvember 2009 kl. 17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar**

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Eyþór Jónsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Sigurborg Hulda Sigurðardóttir, Hilma Steinarsdóttir, Þórir Jónsson, Jóhanna Helgadóttir, Gunnólfur Lárusson og Björn G. Björnsson sem ritaði fundargerð á tölvu. Einnig sat fundinn Sif Jóhannesdóttir undir fyrsta lið.

Oddviti bauð fundamenn velkomna, spurði hvort að einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundaboðun.
Engar athugasemdir voru gerðar við fundaboðun.

DAGSKRÁ:

1. Verkefnisstaða GEBRIS.

Sif Jóhannesdóttir fór yfir störf sín og stöðu GEBRIS verkefnisins. Miklar umræður um svæðið í heild og hvað mætti betur fara í málum ferðamanna.

2. Fundargerðir nefnda og ráða.

- a. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 29.10.2009

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Til máls tóku:

- b. Fundargerð fræðslunefndar dags. 04.11.2009

Í lið tvö í fundargerðinni kemur fram ósk foreldra pólskra barna um að fá að taka upp pólskukennslu, nefndin mælir með því að ráða stundakennara fyrir þau og kennt yrði á vorönn 2010.

Sveitarstjóra falið að ganga frá þessu, samþykkt samhljóða.

Liður fjögur, reglur um stuðning við fjarnema til kennsluréttinda. Fyrirliggjandi reglur samþykktar samhljóða.

Undir liðnum önnur mál, varðandi auka bekkjadeild á Bakkafirði. Sveitarstjóra falið að fara yfir kosti og galla þess og kynna það svo fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu á næsta fundi sveitarstjórnar. Samþykkt samhljóða

Fundargerðin í heild sinni samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: HS, JH, SHS, GL

- c. Fundargerð húsæðisnefndar.

Í lið eitt er kauptilboð í Vesturveg 10b og gerði húsæðisnefnd gagntilboð að upphæð 3.850.000 með fyrirvara um samþykki viðbótarlánasjóðs.

Í lið tvö er tilboð í Pálmholt 5 og 7 að upphæð 3.500.000 fyrir hvora íbúð, því samanlagt 7.000.000 fyrir báða íbúðirnar og að inn í verðinu eru B-gatnagerðargjöld. Húsæðisnefnd samþykkti kauptilboðið með fyrirvara um samþykki viðbótarlánasjóðs.

Fundargerðin er samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóri sýndi fundamönnum tölvupóst frá viðbótarlánasjóði dags. 10 nóv. þar sem tekið er fram að sjóðurinn hafi ekki fjármagn til að greiða til Langanesbyggðar vegna sölu á þessum 3 eignum. Sveitarstjórnarmenn lýsa áhyggjum sínum yfir því að ekki skuli ver meira fjármagn í sjóðnum þar sem hann skiptir miklu máli fyrir Langanesbyggð hvað varðar sölu á íbúðum því án hans er ekki hægt að selja íbúðir.
Til máls tóku: Allir

- d. Fundargerð minni sveitarfélaga dags. 30.09.09

Lögð fram til kynningar.

Til máls tóku:

- e. Fundargerð Drekasvæðis ehf. dags. 06.11.09

Lögð fram til kynningar.

Til máls tóku:

- f. Fundargerð Eyþings 25.09.09

Lögð fram til kynningar.

Til máls tóku:

- g. Fundargerð Eyþings 12.10.09

Lögð fram til kynningar

Til máls tóku:

- h. Fundargerð Hafnarsambands Íslands 02.11.09

Lögð fram til kynningar

Til máls tóku:

3 Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

4 Innsend erindi.

- a. Markaðsstofa ferðamála á Norðurlandi, framlenging á samstarfssamningi. Dags 08.10.09

Í bréfi frá Markaðsstofu óskar hún eftir því að núverandi samningur verði endurnýjaður óbreyttur til næstu þriggja ára en núverandi samningur rennur út um áramótin. Í samningnum er gert ráð fyrir að greiða kr. 500 pr. íbúa Langanesbyggðar. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningnum.

Samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: Allir

- b. Styrkumsókn Smalabitanefndar dags. 05.11.09

Í umsókninni óskar Smalabitanefndin eftir styrk vegna samkomu sem haldin var laugardaginn 7. nóv.

Samþykkt með 6 atkv. gegn 1 að sveitarstjóri ræði við viðkomandi aðila varðandi niðurstöðu skemmtunarinnar og honum falið að bera niðurstöðu undir næsta fund hreppsnefndar.

Til máls tóku: Allir

- c. Styrkumsókn frá Heimili og skóla dags 09.11.09

Í bréfi frá Heimili og skóla sem eru landssamtök foreldra er óskað eftir styrk vegna átaks gegn einelti og er markmið samtakanna er að vekja athygli á einelti og þeim skelfilegu afleiðingum sem einelti getur haft og stuðla að forvörnum.

Samþykkt samhljóða að styrkja verkefnið um 10 þúsund kr.

Til máls tóku: Allir

- d. Ósk um stuðning við Snorraverkefnið dags.16.10.09

Í bréfi frá Snorraverkefninu en markmið verkefnisins er að auka tengsl Íslendinga við samfélags fólks af íslenskum ættum í Kanada, Bandaríkjum og Norður – Ameríku.

Samþykkt samhljóða að hafna erindinu.

Til máls tóku:

- e. Samningur við KPMG vegna regluvörslu.

Samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 og reglum FME um meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja nr. 987/2006, ber sveitarfélaginu að ráða regluvörð, enda er sveitarfélagið með skráð skuldabréf á verðbréfamarkaði. Sveitarstjórn samþykkir að gera samning við KPMG um að annast regluvörslu fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjóra er falið að undirrita samning við KPMG í samræmi við framlögð gögn á fundinum.

Samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: GL

5. Endurskoðun á fjárhagsáætlun (seinni umræða)

Áætlun gerir ráð fyrir rekstrarhagnaði fyrir fjármagnsliði uppá krónur 28.7 milljónir króna, handbæru fé í árslok um 50 milljónir. Niðurstaða A-hluta sveitarsjóðs skili hagnaði uppá 19.4 milljónum fyrir fjármagnsliði og B-hluta hagnaður upp á 10,3 milljónir. Heildartekjur A og B hluta er áætlað að verði 553,7 millj. Og heildargjöld uppá 525 millj. Fjármagnsgjöld A og B hluta eru áætluð 59,3 millj. Og niðurstaða ársins samkvæmt áætlun eftir fjármagnsliði tap uppá 30,5 milljónir. Áætlunin rædd og borin upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða

Til máls tóku: Allir

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl: 20:06